



## Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2011.

Haldinn í Listasal Mosfellsbæjar þann 31. mars.

### Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla formanns
3. Ársreikningar 2010
4. Fjárhagsáætlun 2011
5. Heiðursviðurkenningar
6. Kosningar
7. Önnur mál

Jón Pálsson formaður Aftureldingar setti fundinn kl. 18 og bauð fundarmenn, sem troðfylltu Listasalinn og anddyri hans, velkomna. Lagði hann til að Hafsteinn Pálsson yrði skipaður fundarstjóri sem samþykkt var með lófaklappi.

Hafsteinn þakkaði fyrir og lagði til að fundarritari yrði Anna Sigríður Guðnadóttir sem samþykkt var með lófaklappi.

### Skýrsla formanns

Jón Pálsson fór yfir skýrslu formanns um starfsárið 2010-2011 sem einnig lá frammi á fundinum. Þar kom fram að aðalstjórn hafði haldið 17 fundi frá síðasta aðalfundi og formannafundir starfsársins voru 6 talsins. Stiklaði formaður á stóru í starfsemi félagsins yfir árið, fór yfir helstu verkefni aðalstjórnar og þann árangur sem íþróttafólk Aftureldingar hefur náð í keppni og iðkun sinnar íþróttar. Rifjaði Jón upp þá umræðu sem varð á síðasta aðalfundi um að félaginu væri nauðsynlegt að ráða íþróttastjóra til félagsins og sagði þá þörf jafnvel orðna enn brýnni en áður. Fram kom að samstarf ungmennafélagsins við Mosfellsbæ hefur verið með miklum ágætum á árinu. Þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika náðist samkomulag við bæinn um að halda nokkurn veginn sjó í framlögum til félagsins. Nú liggja fyrir drög að nýjum samningi sem vonir standa til að verði undirritaður í komandi viku. (Skýrsla formanns er birt í ársskýrslu félagsins)

## Ársreikningar 2010

**Helga Jóhannesdóttir** gjaldkeri og **Brynjar Jóhannesson** framkvæmdastjóri Aftureldingar fóru yfir ársreikningana. Tekjur 156.307.373 kr. Gjöld 152,192.226. Niðurstaða er 4.201.714 hagnaður. Allir ársreikningar eru birtir í Ársskýrslu. Efnahagsreikningur, eignir samtals 8.924.555 og skuldir og eigið fé samtals 8.924.555. Fundarstjóri þakkaði fyrir kynninguna og gaf orðið laust til fyrirspurna. Ein spurning kom um hækkaða fjárhæð leigu íþróttamannvirkja bæjarins. Framkvæmdastjóri skýrði málið og sagði þetta vera tölu sem kæmi inn í bókhaldið sem framlag og færi beint út aftur sem gjöld. Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

## Fjárhagsáætlun 2011

Framkvæmdstjóri fór yfir fjárhagsáætlun sem birt er í Ársskýrslu. Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunar. Enginn fundarmanna hafði spurningar vegna hennar. Fundarstjóri bar fjárhagsáætlun upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

## Heiðursviðurkenningar

Eins og fyrri ár var hópur sjálfboðaliða og stuðningsmanna heiðraður á fundinum og fékk þannig viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu Ungmennafélagsins Aftureldingar. Eftirtaldir sjálfboðaliðar, stuðningsmenn og velunnarar félagsins voru sæmdir heiðursmerki:

**Brons:** Sandra Kjartansdóttir, Kristín Ingvarsdóttir, Grétar Eggertsson, Guðmundur Á. Magnússon, Finnur Ingimarsson, Jónína M. Jónsdóttir, Ýr Þórðardóttir, Gylfi Dýrmondsson, Geirarður Long, Erna Reynisdóttir, Bjarki Már Sverrisson, Hekla Klemenzdóttir, Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, Anna Sigurðardóttir, Friðrik Gunnarsson, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Helen Gray, Auður Gunnarsdóttir, Ingibjörg Hrönn Guðmundsdóttir, Óskar Vídalín, Kristján Jóhann Guðmundsson, Sveinbjörg Davíðsdóttir, Ingvar Stefánsson, Ingólfur Hjartarson, Matthías Guðmundsson, Ingi Már Gunnarsson, Magnús Ragnarsson, Anna Sigríður Guðnadóttir og Sævar Kristinsson,

**Silfur:** Jón Svan Grétarsson

## Kosningar.

### Kosning formanns

Fundarstjóri lýsti eftir framboðum til formannsembættis.

Jón Pálsson gaf kost á sér til endurkjörs.

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson bauð sig fram, kvaðst hafa fengið fjölda símtala þar sem skorað var á hann að gera það.

Jón Pálsson sté í pontu og minnti á að í Dagrenningi, 100 ára afmælisriti Aftureldingar, segði frá merku hugsjónafólki sem af fórnfýsi hefði lagt fram vinnu sína, af fúsum og frjálsum vilja, vegna umhyggju fyrir samfélagi sínu og vilja til að efla það. Jón kvaðst hafa komið til starfa fyrir ungmennafélagið Aftureldingu vegna áhuga síns á að gera samfélaginu gott, vinna að hagsmunum barna og ungmenna í félagi við gott og öflugt samverkafólk og byggja upp betra samfélag. Hann hefði verið beðinn um að taka að sér formennsku félagsins og ekki skorast undan þeirri ábyrgð. Jón kvaðst aldrei hafa litið svo á að embætti formanns Aftureldingar væri einhver sérstök valdastaða eða að félagið væri valdastofnun. Hann væri ekki mikill íþróttamaður og þaðan af síður glímumaður og ætlaði sér ekki að fara að glíma um þetta embætti og myndi því draga framboð sitt til baka.

Ósk barst utan úr sal um fundarhlé sem fundarstjóri veitti þrátt fyrir mótmæli nokkurra fundarmanna.

Að fundarhléi loknu kom Jón Pálsson aftur í pontu og lýsti því að samstarfsfólk hans innan deilda Aftureldingar hefði lagt hart að honum að draga ákvörðun sína til baka, bjóða sig fram og gefa fundarmönnum tækifæri til að kjósa. Eftir umhugsun og af virðingu við allt það góða fólk sem hann hafi unnið með innan Aftureldingar hafi hann ákveðið að verða við ósk þess og bjóða sig fram.

Fundarstjóri valdi framkvæmdaraðila kosningarinnar, Finn Sigurðsson, Ernu Reynisdóttur og Níels Einar Reynisson sem gengu um og dreifðu kosningaseðlum til fundarmanna þar sem þeir stóðu og sátu í salnum og í anddyri. Kosningaseðlum var síðan safnað saman á sama hátt. Ábyrgðarmenn töldu atkvæði upp úr kössunum og fundarritari og gjaldkeri aðalstjórnar skráðu niður tölur samkvæmt upplýsingum ábyrgðarmanna.

Fundarstjóri tilkynnti niðurstöður kosningarinnar þar sem Jón Pálsson hlaut 68 atkvæði en Hreiðar 78 atkvæði og skoðast rétt kjörinn formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar.

### **Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára**

Fundarstjóri óskaði eftir framboðum til þeirra stjórnarsæta til tveggja ára sem kjósa átti á þessum aðalfundi.

Þrír fundarmenn buðu sig fram, Ásmundur Pálsson til endurkjörs, Elín Reynisdóttir og Finnur Sigurðsson.

Fundarstjóri útnefndi Erlend Fjeldsted ásamt þeim Ernu og Níels sem önnuðust fyrri kosningu sem framkvæmdaraðila kosningarinnar.

Úrslit kosninganna urðu þau að Elín Reynisdóttir og Finnur Sigurðsson voru kjörin.

Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri aðalstjórnar fékk því næst orðið og lýsti því úr pontu að þar sem henni sýndist þessar kosningar snúast að stórum hluta um búningamálið svokallaða og þar sem hún hafi verið fulltrúi aðalstjórnar í búninganefnd þá segði hún af sér stjórnarsetu í aðalstjórn.

Fundarstjóri auglýsti þá eftir framboði í aðalstjórn til eins árs. Gunnar Guðjónsson bauð sig fram og var sjálfkjörinn.

Sævar Kristinsson, varaformaður í aðalstjórn kom í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni að þessar kosningar snérust alls ekki um störf og stefnumótun þá sem aðalstjórn hafi staðið að af fullum heilindum og sagði af sér stjórnarsetu.

Fundarstjóri auglýsti þá eftir öðru framboði í aðalstjórn til eins árs. Nokkrar tafir urðu á að framboð bærist og kom fram krafa um að fresta fundi sem fundarstjóri tók ekki til greina. Guðbjörg Pétursdóttir bauð sig fram og var sjálfkjörin.

### **Kosning eins varamanns til tveggja ára**

Áður en kosning hófst tilkynnti fundarstjóri að Guðjón Helgason hefði sagt sig úr varastjórn en hann átti eftir eitt ár af sínu kjörtímabili. Þannig þyrfti að kjósa tvo fulltrúa í varastjórn en ekki einn eins og gert hafði verið ráð fyrir. Óskaði fundarstjóri eftir framboðum í varastjórn.

Tvö framboð komu fram Sigurjón Gunnlaugsson og Geir Rúnar Birgisson og skoðast þeir rétt kjörnir.

### **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar**

Óskað var eftir tilnefningum tveggja skoðunarmanna reikninga. Valdimar Leó Friðriksson og Örn Kjærnested buðu sig fram og skoðast rétt kjörnir.

## Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda

Valdimar Leó Friðriksson var tilnefndur og skoðast rétt kjörinn.

## Önnur mál

**Jóhann Guðjónsson** kom í pontu og lýsti því að mikil óánægja væri í mörgum deildum félagsins. Einnig lýsti hann óánægju sinni með búningamál félagsins og hvernig t.d. verð hefði ekki staðist og fólk vissi ekki hvar það ætti að kaupa vörurnar.

Einnig lýsti hann því yfir að hann hefði ekki vikist undan áskorun fólks um að taka þátt í að breyta stjórnarsýslu félagsins.

**Guðrún Kristín Einarsdóttir** kom í pontu og harmaði það að fráfarandi formaður hafi ekki náð kosningu og lýsti undrun sinni á að svo virtist sem nýr formaður hafi smalað á fundinn. Hún óskaði eftir því að allur þessi fjöldi komi til starfa í grasrótastarfi hversdagsins í Aftureldingu en ekki bara á aðalfundi vegna þess að hópur fólks er óánægður með eitthvað.

Guðrún Kristín lýsti því að búninganefnd hefði fengið umboð formannafundar og að fulltrúar þar hafi unnið með hag alls félagsins að leiðarljósi. Hún kallaði eftir því að fá upplýsingar um hvað nýr formaður standi fyrir, hver stefna hans er og af hverju hann bjóði sig fram. Hún benti á að þeir sem stóðu að kjöri nýs formanns hafi flykkst út af fundinum strax að kjöri loknu. Guðrún óskaði nýrri stjórn velgengni en óskaði jafnframt eftir að nýr formaður kæmi í pontu og kynni sín stefnumál.

**Jóhann Guðjónsson** kom aftur í pontu og sagði að hann hafi verið með samninga í gildi við ýmsar deildir sem ekki hefðu verið virtir.

**Tryggvi Þorsteinsson** kom í pontu og lýsti því að hann íhugaði sína stöðu sem stjórnarmaður í mfl. kvk. Hann lýsti því að hann hefði alltaf unnið að hagsmunum félagsins en lýsti furðu yfir að baráttan um stjórnarsæti í félaginu snúist um hagsmuni heildsala hér í bæ.

**Gunnar Guðjónsson** kom þessu næst í pontu og lýsti því að megn óánægja sé í ýmsum deildum félagsins og deildir kvarti yfir miðstýringu. Gagnrýndi að SMS hafi verið sent út á iðkendur í mfl. kk í knattspyrnu.

**Emil Eypórsson** gjaldkeri mfl kk í knattspyrnu kom því næst í pontu og lýsti því að hann segði af sér sínu stjórnarsæti í meistaraflokksráði.

**Fundarstjóri** vildi ítreka að þeir sem hafa nú gefið kost á sér til setu í aðalstjórn og náð kjöri geri sér grein fyrir hver sé ábyrgð aðalstjórnar, þar falli endanleg ábyrgð á rekstri félagsins alls.

**Guðrún Kristín Einarsdóttir** kom í pontu og minnti nýkjörna stjórn á að um helgina yrði stórt blakmót barna og unglinga, alls staðar að af landinu, haldið að Varmá og hvetur nýja stjórn til að mæta og fylgjast með.

Nýkjörinn formaður, **Hreiðar Örn Zoega Stefánsson**, kvaddi sér hljóðs, lýsti því að fjöldi manns hafi komið að máli við hann um að gefa kost á sér í sæti formanns Aftureldingar,

ekki vegna einstakra mála heldur vilja sem hann hefði sýnt til að vinna fyrir félagið. Hann hefði áralanga reynslu af störfum að félagsmálum innan kirkjunnar og KFUM og K. Hann sagði frá því að hann hefði ákveðið að nýta næsta ár í að vinna meira fyrir börn og ungmenni í Mosfellsbæ. Nýkjörinn formaður upplýsti að hann vildi auka vægi formannafunda og sagðist ófeiminn að leita til fyrrverandi stjórnarmanna um ráðgjöf og muni gera sitt besta til að vinna með þeim sem vinna að barna- og unglingastarfi í Mosfellsbæ.

**Fundi slitið kl 20:10**